

Hlutverk Bjarmahlíðar

Hlutverk Bjarmahlíðar er fyrst og fremst að veita þolendum ofbeldis skjót úrræði og stuðning. Í Bjarmahlíð eru boðleiðir stytta og þolendur fá aðgang að viðeigandi úrræðum á einum og sama staðnum, í öruggu og þægilegu umhverfi. Þolendur upplifa oft úrræðaleysi og óöryggi í kjölfar ofbeldis, markmið Bjarmahlíðar er að leiða þolendur ofbeldis fram hjá veggjum kerfisins, sem þeir rekast oft á í fyrstu skrefum sínum í átt til hjálpar og stuðnings.

Samstarfsaðilar

Lögreglan á Norðurlandi eystra

Bjarmahlíð heyrir undir Lögregluembættið á Norðurlandi eystra og er tengingin við embættið mjög mikilvæg. Þolendur geta hitt óeinkennis klædda lögreglu eða lögfræðing lögreglu hér í húsi, í stað þess að þurfa að fara uppá lögreglustöð – sem oft reynist þolendum mjög erfitt. Hlutverk lögreglu hér í Bjarmahlíð er fyrst og fremst að veita stuðning og upplýsingar, til dæmis um kærufjerli, framgang mála og fleira. Að auki starfar teymisstjóri náíð með lögreglu til dæmis ef þolandi þarf sérstaka vernd líkt og nálgunarbann. Bjarmahlíð starfar einnig með öðrum

lögregluembættum, eins og Lögreglunni á Norðurlandi vestra.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi

Bjarmahlíð hefur gegnt mikilvægu hlutverki í Kvennaathvarfinu á Norðurlandi því það var fyrir tilstuðlan Bjarmahlíðar, Félags- og Dómsmálaráðuneytis, sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Samtaka um Kvennaathvarf að athvarfið varð að veruleika. Hlutverk Bjarmahlíðar í athvarfinu er að tengja konurnar við félagsráðgjafa, lögfræðinga, lögreglu svo eitthvað sé nefnt, ásamt því að hafa umsjón með sjálfboðaliðastarfinu. Að auki höfum við aðstoðað konur við íbúðarleit, útvega húsgögn og fleira tilfallandi.

Aflið

Aflið býður uppá jafningjafræðslu og stuðning fyrir þolendur ofbeldis. Þar starfa ráðgjafar sem sérhæfa sig í að tala við og fræða þolendur ofbeldis. Samstarfið byggir einnig á að Aflið vísar þolendum í Bjarmahlíð, svo þolendur fái aðgang að fleiri úrræðum. Bjarmahlíð og Aflið eru bæði staðsett í Aðalstræti 14 og það auðveldar allt samstarf til muna.

Akureyrarbær/Velferðarsvið

Félagsráðgjafar og lögfræðingur Akureyrarbæjar gegna mikilvægu hlutverki í Bjarmahlíð ásamt því að Akureyrarbær hefur styrkt starfsemina með greiðslu á húsaleigu. Félagráðgjafar eru mjög reglulega hér í húsi til að veita þjónustu þeim sem leita í Bjarmahlíð og Kvennaathvarfið.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Bjarmahlíð hefur verið í góðu samstarfi við HSN og hefur vísað þolendum þangað í áfallameðferð. Að auki vísa lækna- og hjúkrunarfræðingar á HSN þolendum reglulega í Bjarmahlíð.

Sjúkrahúsið á Akureyri

Sjúkrahúsið á Akureyri vísar reglulega þolendum í Bjarmahlíð og hefur samstarf verið mjög gott við félagsráðgjafa SAK, ásamt starfsfólki göngu- og legudeildar geðdeildar. Samstarfið byggir einnig á að ef þolandi þarf að komast í læknisskoðun eða fá áverkavottorð er það unnið í samstarfi við starfsfólk bráðamóttöku, svo einstaklingurinn þurfi hvorki að bíða frammi í biðstofu né bíða lengi.

Háskólinn á Akureyri

Bjarmahlíð hefur verið í góðu samstarfi við HA, tekið þátt í fyrirlestrum og kynningum um starfsemina og ofbeldi almennt og að auki koma reglulega nemar í samfélagslegt verknám, í Bjarmahlíð og Kvennaathvarf Norðurlands.

Kvennaráðgjöfin/Mannréttindaskrifstofan

Lögfræðingar Kvennaráðgjafarinnar hafa reynst Bjarmahlíð einkar vel, segja má að starfskonur Bjarmahlíðar hafa fullan aðgang að þeim, einnig utan hefðbundins vinnutíma. Bjarmahlíð og Kvennaráðgjöfin höfðu stefnt á að fara í kynningarátak hjá fyrirtækjum á okkar svæði, með það að markmiði að kynna starfsemi Bjarmahlíðar fyrir fólki af erlendum uppruna, en vegna kórónaveirunnar höfum við ekki haft tök á því en verkefnið verður vonandi að veruleika fyrr en síðar.

Önnur verkefni

Sjálfsstyrkingarnámskeið „Meðvirkni og mörk“

Bjarmahlíð, í samvinnu við Aflið, hafa boðið upp á tvö námskeið fyrir þolendur ofbeldis undir handleiðslu fagaðila, þátttakendum að kostnaðarlausu. Það er engin launung að ókeypis fagþjónusta er af skornum skammti og þrátt fyrir farsælt samstarf við Heilbrigðisstofnun Norðurlands, vantar meiri fagþjónustu fyrir þann hóp sem kemur í Bjarmahlíð. Því höfum við boðið upp á tvö námskeið undir handleiðslu fagaðila, fyrir 10-12 þátttakendur í senn. Námskeiðið byggir á að þátttakendur öðlast skilning á því hegðunarmynstri sem meðvirknin er og hvernig óheilbrigð sambönd einkennast oft af meðvirkni. Með aukinni fræðslu og sjálfsstyrkingu öðlast þátttakendur betri sjálfsmynd og eru betur í stakk búin að setja mörk og standa með sjálfum sér. Áframhald verður á þessum námskeiðum.

Umsagnir þátttakenda:

„Það sem mér fannst gott við námskeiðið voru öll verkefni sem við fengum. Þau opnuðu augu mín fyrir því hvaða miklu áhrif meðvirkni hefur haft á mitt líf og hvernig ég get unnið mig frá meðvirkninni.“

„Ég trúí varla hversu mikið þetta námskeið gerði fyrir mig, nú er ég meðvitaðri hvernig ég læt annað fólk stjórna mér og þá sérstaklega maka minn.“

„Í fyrsta sinn í langan tíma er ég nokkuð sátt við sjálfa mig, ég held ég sé bara nokkuð frábær! Takk innilega fyrir mig.“

Kynningarstarf og fræðsla

Hlutverk Bjarmahlíðar er ekki eingöngu að veita þolendum ofbeldis stuðning og aðgang að úrræðum, heldur er okkar hlutverk einnig að fræða fólk um starfsemina og umfram allt um einkenni og afleiðingar ofbeldis. Við förum reglulega í framhaldsskólana á okkar svæði og höldum kynningar fyrir félagasamtök og fyrirtæki. Það sem einkennir oft þolendur ofbeldis sem í Bjarmahlíð leita er óöryggi yfir því að það ofbeldi sem einstaklingurinn er að verða fyrir sé ekki nógu mikið eða alvarlegt. Því kemur það í okkar hlut að fræða og skapa umræðu um að ofbeldi á sér margar birtingarmyndir og umfram allt er það okkar hlutverk að koma þeim skilaboðum áleiðis að ofbeldi er aldrei í boði.

Börn í viðkvæmri stöðu

Í samvinnu við embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra kom Bjarmahlíð að undirbúningi og framkvæmd vinnustofu fyrir samstarfsaðila sem koma að málefnum barna og þeirra hagsmunum. Markmið vinnustofunnar var að tryggja betur hagsmuni barna í viðkvæmri stöðu. Fulltrúar lögreglu, sýslumanns, barnaverndar, félagsþjónustu, grunn- og framhaldsskóla, HSN og SAK áttu árangursríkt samtal um að finna leiðir til að bæta samstarf á milli lykilaðila og stofnana sem sinna börnum og vinna að hagsmunum þeirra. Fundurinn gekk vonum framár og ljóst er að þeir sem koma að málefnum barna vilja bæta samstarf og gegnsæi á milli stofnanna.

Áfallamiðuð fræðsla fyrir framhaldsskólanema

Flest ungmenni á aldrinum 16-18 ára eru í framhaldsskóla og hefur Bjarmahlíð nú gert samkomulag um þróun samstarfs við alla framhaldsskólana á Norðurlandi. Skólarnir eru Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra. Samkomulagið felur í sér fræðslu til skólanna og stuðning við fagaðila innan skólanna eftir þörfum, og beint samtal við nemendur í gegnum nemendafélög skólanna. Með beinu samtali við nemendur mun Bjarmahlíð markvisst leitast við að sníða þjónustu sína við þolendur á framhaldsskólaaldri að þeirra þörfum þegar kemur að ofbeldisforvörnum og

úrræðum. Leiðarstef í allri vinnu Bjarmahlíðar með ungmennum er að styðja við merkingarbæra þátttöku þeirra en að huga jafnframt að vernd þeirra. Þar liggja til grundvallar grunngreinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Rannsóknir á afleiðingum áfalla og ofbeldis í æsku hafa verið að fá meira vægi á Íslandi síðustu ár og í kjölfarið orðið til dýrmæt þekking innan háskóla- og vísindasamfélagsins. Verkefnið byggir á einni slíkri afurð: "Hvað kom fyrir þig? áfallamiðuð nálgun í framhaldsskólum" sem er meistaraþrófsverkefni Karenar Nóadóttur, M.Ed. Heilsulæsi og tenging við áfallasögu er að skornum skammti í samfélaginu þó svo rannsóknir síðustu ára bendi allar í þá átt að áhrifin séu gríðarleg, bæði fjárhagslega fyrir samfélagið og lífsgæðaskerðandi fyrir einstaklinginn. Brýnt er að stíga snemma inn með viðeigandi fræðslu, leiðir og úrræði. Hlutverk Bjarmahlíðar hvað að þessu verkefni kemur eru þættir líkt og fræðsla og stuðningsúrræði fyrir þolendur á framhaldsskólaaldri. Bjarmahlíð mætir ungmennunum með áfallamiðaðri nálgun sem felur sér valdeflingu og eflingu áfallaseiglu, sem um leið geta orðið verndandi aðgerðir gegn ofbeldi síðar á lífsleiðinni. Heilsulæsi samhliða því að þekkja afleiðingar ofbeldis og áfalla er mikilvægur þáttur til að rjúfa vítahring ofbeldis, og er þekking og hagnýting á áfallamiðaðri nálgun lykilþáttur fyrir öll kyn. Áætlað er að verkefnið hefjist að fullum þunga næsta haust og sé til eins árs, eða til loka árs 2024. Styrkti Kennarasamband Íslands Bjarmahlíð og verkefnið um 400.000 krónur.

Aðrir styrkir


- 200.000 kr Soroptimistaklúbbur Akureyrar
- 150.000 kr Soroptimistaklúbbur Tröllaskaga
- 170.000 kr Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis
- 1.000.000 kr Forstætisráðuneytið
- 600.000 Ríkislögreglustjóri
- 3.000.000 VIRK

Annað

Í Bjarmahlíð er ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum sinnt, líkt og ársskýrslugerð, umsókn styrkja og móttaka þeirra og skýrslur vegna þeirra. Bjarmahlíð vinnur náið með barnavernd á

okkar svæði og tilkynnum samkvæmt barnaverndarlögum þegar við teljum að barn sé í hættu eða yrir barnavernd og tilkynningum til barnaverndar, símtöl og ráðgjöf til aðstandenda þolenda. Mörg símtöl þarf að eiga við samstarfsaðila, sinna fjölmiðlum, hafa umsjón með heimasíðu og Facebook-síðu Bjarmahlíðar, svo eitthvað sé nefnt. Umsýsla og eftirfylgni vegna skjólstæðinga er ansi umfangsmikill hluti starfsins í Bjarmahlíð, því að fyrsta viðtali loknu þarf að kalla til samstarfsaðila, skrifa greinargerðir og skrá upplýsingar um hvert mál fyrir sig. Hverjum þeim, sem kemur í viðtal í Bjarmahlíð, fylgir of töluverð vinna mikil sem í raun er flókið að halda utan um. Bakvið hverja tölu er einstaklingur, sem oft er brotinn og óöruggur og kemur það í okkar hlut að grípa hann. Það er ómetanlegt fyrir okkur í Bjarmahlíð að fá tækifæri til að sjá þolendur ofbeldis styrkjast, vaxa og dafna og umfram allt öðlast betra líf, með okkar aðstoð og stuðningi.

Mynd 1. Heildarfjöldi viðtala í Bjarmahlíð árið 2022¹.



¹ Athugið að tölfræðilegar upplýsingar gætu gefið skekka mynd af starfsemi þar sem gögnum var ekki safnað með áreiðanlegum hætti. Þar af leiðandi eru þessar tölur birtar með fyrirvara. Engu að síður eru tölurnar sem hér birtast að minnsta kosti lágmarksfjöldi þeirra sem sóttu þjónustu í Bjarmahlíð 2022.